

Minningarsjóður
Prófessors dr. Phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

SKIPULAGSSKRÁ

Í samræmi við erfðaskrá dr. Phil. Guðjóns Samúelssonar dags. 8.12.1948, stofnar
Arkitektafélag Íslands sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður prófessors dr. Phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.“

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2/3 hluti húseignarinnar nr. 35 við Skólavörðustíg, Reykjavík. Húseignina skal selja og andvirði hennar teljast til stofnfjár, sem skal ávaxtast með tryggum hætti hvað verðgildi snertir.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafir til sjóðsins skal leggja við stofnfé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Að útbreiða þekkingu á húsagerðarlist í íslenskum anda. Skal því markmiði náð með styrkjum og viðurkenningum samkvæmt nánari reglum er sjóðsstjórn setur. Stefnt skal að úthlutun styrkja og veitingu viðurkenninga annað hvert ár.

5. gr.

Af tekjum sjóðsins skulu $\frac{3}{4}$ hlutar ganga til styrkveitinga og annarra atriða skv. 4. gr., en $\frac{1}{4}$ hluti tekna skal leggjast við stofnfé, sem ekki má skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: Formaður Arkitektafélags Íslands, þrír kosnir af aðalfundi þess og einn tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna. Enginn skal sitja lengur í stjórn sjóðsins en 6 ár. Formaður Arkitektafélags Íslands skal ávallt vera fyrirsvarsmaður sjóðsins. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma skipar dómismálaráðherra stjórnarmenn. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnar.

7. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega, og skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Reikningar og skýrsla sjóðsstjórnar skulu einnig lögð fyrir að alfund Arkitektafélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómismálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 24. nóvember 1990

Í stjórn Arkitektafélags Íslands,

Sigurður Harðarson, formaður

Jón Ólafur Ólafsson

Sigríður Sigþórsdóttir
